

Rangar ásakanir gegn DV

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, ásakaði ritstjórn DV um að ganga erinda Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, í Kastljósi Sjónvarpsins í gærkvöldi og í yfirlýsingu til fjölmiðla á mánudag. Ásakanirnar eru alvarlegar og vega að trúverðugleika DV sem hlutlaus fjölmiðils.

Bjarni hefur engar sannanir fært á ítrekaðar ásakanir sínar. Aðdragandi ásakananna er að DV hefur fjallað um aðkomu Bjarna að viðskiptafléttu Milestone og Glitnis, auk sölu hans á hlutabréfum í Glitni í febrúar 2008. Umfjöllunin byggir á fjölda staðreynda og gagna, ólíkt órökstuddum ásökunum Bjarna. Afar óábyrgt er af formanni stærsta stjórnámálflokks landsins að færa ítrekað fram rangar og rakalausar ásakanir í fjölmiðlum.

Ritstjórn DV lítur á það sem skyldu sína að upplýsa almenning. Í ritstjórnarstefnu DV er skýrt kveðið á um að „fjölmiðillinn DV og fréttamenn hans vinna ekki út frá hagsmunum stjórnámálflokka“. Ásakanir Bjarna vega að grunngildum fjölmiðilsins.

Ekki er sjálfsagt að leynd sé yfir aðkomu stjórnámálanna að viðskiptafléttu, sem kostaði almenning milljarða króna og er að hluta til fyrir dómstólum vegna meintra efnahagsbrota, hvort sem grunur leikur á um lögbrot stjórnámálmannsins eða ekki.

Óskandi er að stjórnámálamenn hafi lært af efnahagshruninu að skjóta ekki sendiboðann.

Í Rannsóknarskýrslu Alþingis um efnahagshrunið er komist að þeirri niðurstöðu að íslenskir fjölmiðlar hafi verið of værukærir í umfjöllunum sínum. Hagsmunir samfélagsins í heild fara ekki alltaf saman við hagsmuni einstakra stjórnámálanna. Gagnsæi og öflugt rannsóknarblaðamennska er hluti af þeim grunni sem öflugt lýðræðisríki verður að standa á.

Fyrir hönd DV.

*Jón Trausti Reynisson ritstjóri*

*Reynir Traustason ritstjóri*